



## Félag löggiltra endurskoðenda

### Morgunkorn 22. maí 2014

#### Leigusamningar – skattskil, reikningsskil og gengistrygging

Morgunkorn um leigusamninga og meðferð þeirra í skattskilum og reikningsskilum verður haldið 22. maí á Grand hóteli kl. 8-10. Boðið verður upp á staðgóðan morgunverð. [SKRÁ MIG HÉR](#)

Skilgreining og flokkun leigusamninga skipta miklu máli við meðhöndlun þeirra í skattskilum og reikningsskilum, bæði fyrir leigusala og leigutaka, en reikningsskil og skattskil hafa ekki að öllu leyti farið saman í framkvæmd.

Í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga er kveðið á um gildi alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Íslandi en alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir kveða nokkuð ítarlega á um hvernig farið skuli með leigusamninga í reikningsskilum fyrirtækja.

Skattalög eru fáorð um meðhöndlun leigusamninga og hafa ekki að geyma skilgreiningu á leiguhugtakinu. Virðist skattframkvæmd hafa mótast á fremur óljósum grunni.

Í nýlegum dómum Hæstaréttar um gengistryggingu fjárskuldbindinga virðist fremur horft til skattskila en reikningsskila við flokkun samninga sem lánasamninga eða leigusamninga.

Fyrirlesarar munu leitast við að varpa ljósi á reglur og framkvæmd að því er varða skattskil, reikningsskil og gengistryggingu. Í lokin verða umræður.

Morgunkornið gefur 2 einingar (ein í flokknum skatta- og félagarétti og ein í reikningsskilum). Þátttökugjald er kr. 11.000 fyrir félagsmenn og starfsmenn þeirra. Skráning er opin til kl. 15:00 miðvikudaginn 21. maí.



#### **Jón Elvar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður**

Starfar og er eigandi hjá Logos og starfssvið hans er skattaréttur á víðu sviði, gjaldeyrishöft og fjárhagsleg endurskipulagning. Eftir hann liggja nokkrar greinar um skattamál og hann hefur einnig kennt við lagadeildir HÍ og HR ásamt því að halda námskeið hjá LMFÍ og Endurmenntun HÍ.

#### **Sigurjón Högnason, lögfræðingur á skattasviði KPMG**

Starfar á skattasviði KPMG, en hafði áður starfað í þágu skattyfirvalda í um aldarfjórðung, fyrst við embætti skattstjórans í Reykjavík en síðar við embætti ríkisskattstjóra. Sigurjón útskrifaðist með embættispróf í lögum frá HÍ vorið 1981, hdl. frá 1986.



#### **Jóhann I. C. Solomon, löggiltur endurskoðandi**

Starfar á endurskoðunarsviði KPMG. Jóhann sat í Reikningsskilanefnd FLE árin 2008-2012.